

Sp.

253. Tillaga

til þingsályktunar um ríkisstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Ásgeirsson, Bernharð Stefánsson,
Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að lýsa því yfir, að það liti þannig á, að ríkisstjórnin eigi að greiða nú þegar mjólkurbúunum í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík viðbótarstyrk þann, sem um ræðir í 1. gr. laga um mjólkurbúastyrk, nr. 95 frá 19. júní 1933, án tillits til þeirra samninga, sem kunna að verða milli stjórnar Mjólkurbús Flóamanna og ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslu á skuld þess mjólkurbús til ríkissjóðs.

Greinargerð.

Sum af þeim mjólkurbúum, sem um ræðir í tillögu þessari, eiga mjög erfitt með að standa straum af stofnkostnaði sínum og hafa brýna þörf þeirrar hjálpar, sem um ræðir í 1. gr. laga um mjólkurbúastyrk frá 19. júní 1933. Á hinn bóginn á Mjólkurbú Flóamanna vitanlega erfitt með að endurgreiða stórar fjárhæðir mitt í landbúnaðarkreppunni. Aðstandendur mjólkurbúanna hafa þess vegna farið fram á, að Alþingi skeri úr um það, hver sé skilningur þess á málinu.